

Helstu upphæðir og gjaldskrá 2018.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð sem við höfum veitt skv. reglum Skólaþjónustu- og velferðarnefndar hafa verið með þeim lægstu á landinu. Lagt er til að hækka Grunnfjárhæð um 4/8% og að sama skapi lækka fjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum.

	2017	2018
Grunnfjárhæð (1.0)	144.635	150.000
Búa í foreldrahúsum (0,45)	72.318	67.500
Hafa kostnað af húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings (0.8)	112.169	120.000
Grunnfjárhæð hjóna (1,6)	231.415	240.000
Akstur pr. km.*	31.34	31.34

*fylgir gjaldskrá SÍ

Stuðningsfjölskylda Barnavernd

Greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd hafa hækkað lítið undanfarin ár. Erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að sinna þessari þjónustu. Fyrir eina helgi hjá stuðningsfjölskyldu höfum við greitt kr. 23.830. Algengast er að sveitarfélög hafi greitt fyrir eina helgi sem jafngildir mánaðargreiðslur barnalífeyrir eða kr. 32.530. Lagt er til að greiðslu verði hækkað úr 23.830 í 32.530 fyrir helgarvistun.

Stuðningsfjölskylda málefni fatlaðs fólks

Þjónusturáð Suðurlands leggur til að stuðningsfjölskyldur hækki umtalsvert því erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa fyrir börn með fötlun. Þetta er mikilvæg þjónusta sem léttir álagi á fjölskyldum fatlaðra barna.

	Greiðslur á sólarhring		
	2017	2018	hækkun
1.flokkur	17.503	26.000	0,67
2.flokkur	13.811	23.000	0,60
3.flokkur	11.422	18.000	0,63

Heimaþjónusta þrif

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrissjóðsgreiðslum. Þeir sem eingöngu eru með tekjur frá Tryggingastofnun greiða ekkert fyrir heimaþjónustu.

	2017	2018	hækkun
Lægra gjald	kr. 505	kr. 520	0,27
Hærra gjald	kr. 765	kr. 785	0,27

